

Svar

innviðaráðherra við fyrirspurn frá Ingvaldi Önnu Sigurðardóttur um fallvarnir.

1. *Hve oft hefur Vegagerðin fjarlæggt grjót sem féll úr fjöllum á vegi undanfarin fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum og vegum.*


Tilvik þar sem fram fer hreinsun á vegi, hvort sem það er grjót eða aðrir aðskotahlutir, eru ekki formlega skráð. Staðir þar sem grjóthrun verður við veg eru því miður víða á vegakerfinu. Ef skoðuð er skráning slysa við slíkar aðstæður á landinu öllu frá aldamótum, þar sem skráð hefur verið að snjór eða grjót hafi hrunið á ökutæki, má sjá að á landsvísu hafa tilvikin verið 96 á þessu 25 ára tímabili, þar af sex tilvik með meiðslum á fólki en önnur án meiðsla.

2. *Hve margar tilkynningar hefur Vegagerðin fengið um grjót sem féll á vegi undanfarin fimm ár? Svar óskast sundurliðað eftir árum og vegum.*

Tilkynningar um grjót eða skriður á vegi berast á mismunandi vegu. Ef tilkynning kemur til þjónustustöðvar Vegagerðarinnar eða ef starfsmenn verða sjálfir varir við grjót á vegi eða við veg er farið strax í hreinsun en ekki er víst að slík tilfelli séu skráð í dagbók eða ástands-skráningu á vef. Það kemur því ekki endilega fram í tölfræði eða upplýsingum sem til eru í gögnum. Ráðherra hefur ákveðið að fara þess á leit við Vegagerðina að hafin verði formleg skráning á tilkynningum vegna grjóthruns á vegum.

Ef tilkynningar berast um grjót eða skriðu á vegi sem hefur áhrif á umferð er strax upplýst um það á vef auk þess sem atvikið er skráð í dagbók. Ef grjót er ekki á vegi heldur utan við veg er ekki víst að slíkt sé skráð í dagbók eða í gagnagrunn fyrir vefinn. Á síðustu árum hafa skráningar um grjót á vegi verið á bilinu 30–60 á ári.

Þeir staðir þar sem helst er talin hætta á skriðum eða grjóthruni eru skráðir á eftirfarandi kort sem sýnir einnig aðra vá á vegum.



Vegagerðin hefur verið í samtali við Veðurstofuna um að búa til sameiginlega skráningu um grjóthrun og skriðuföll en því ferli er ekki lokið.

3. *Stendur til að koma upp fallvörnum eða grípa til annarra aðgerða vegna tíðs grjóthruns úr Holtsnúi?*

Fjármunum í svokallaðar „minni umferðaröryggisaðgerðir“ er forgangsraðað árlega. Margir vegarkafar á landsvísu kalla á sérstakar öryggisaðgerðir og hafa aðrir kaflar raðast frammar í forgangs röðun hingað til. Sem stendur eru aðgerðir við Holtsnúp ekki á áætlun.

4. *Hafa áður verið gerðar áætlanir um fallvarnir við Holtsnúp?*

Líkt og kom fram í svari við 3. tölul. fyrirspurnarinnar er fjármunum til „minni umferðaröryggisaðgerða“ forgangsraðað árlega en í þeirri vinnu hefur þessi tiltekni staður oft komið til álita ásamt öðrum sambærilegum stöðum. Ýmsar útfærslur eða lausnir hafa í þessu samhengi verið ræddar án þess að hægt sé að slá því föstu að til sé lausn sem eyðir alfarið hættu af völdum grjóthruns, önnur en að færa veginn. Á vegakerfinu eru margir kaflar sem kalla á sérstakar öryggisaðgerðir og við þessa vinnu hafa aðrir kaflar raðast frammar í forgangs röðun fram að þessu.

5. *Stendur til að hefja framkvæmdir á fallvörnum við Holtsnúp á næstu misserum?*

Vísað er til upplýsinga í svari við 3. tölul. en þar segir að sem stendur séu aðgerðir við Holtsnúp ekki á áætlun.